

Glitnir banki stefnir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og fleirum fyrir meint fjársvik og krefst bóta að jafnvirði 258 milljarða króna

Jafnframt er endurskoðunarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers stefnt fyrir afglöp í trúnaðarstarfi og vítaverða vanrækslu

- ✓ Málið var þingfest fyrir rétti í New York í gær, 11. maí.
- ✓ Dómstóll í Lundúnum úrskurðaði í gær um kyrrsetningu eigna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um víða veröld.
- ✓ Fréttamannafundur um málið verður í Reykjavík kl. 14:30 í dag, miðvikudaginn 12. maí.

Glitnir banki hóf í gær málaferli fyrir hæstarétti New York-ríkis í Bandaríkjunum gegn **Jóni Ásgeiri Jóhannessyni**, áður helsta hluthafa bankans; **Lárusi Welding**, áður forstjóra Glitnis; **Þorsteini Jónssyni**, áður stjórnarformanni; ásamt fleiri fyrrverandi stjórnarmönnum, hluthöfum og öðrum sem áttu hlut að máli með Jóni Ásgeiri, fyrir að hafa með sviksamlegum og ólöglegum hætti haft fé af bankanum sem nemur meira en tveimur milljörðum dala (sjá nánar nafnalista neðst á bls. 3 í þessari tilkynningu).

Glitnir höfðar jafnframt mál gegn **PricewaterhouseCoopers**, fyrrum endurskoðendum bankans, fyrir að greiða fyrir og taka þátt í að dylja þau sviksamlegu viðskipti sem Jón Ásgeir og félagar komu í kring og sem að endingu leiddu til falls bankans í október 2008.

Þá hefur dómstóll í London gefið út úrskurð, að kröfu Glitnis, um kyrrsetningu eigna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um víða veröld. Þeirra á meðal eru tvær íbúðir í auðmannahverfinu Gramercy Park á Manhattan sem hann keypti á u.þ.b. 25 milljónir dala.

Jón Ásgeir – aðaleigandi fjárfestingarsamstæðunnar Baugs, sem nú hefur komist í þrot – mun vera til heimilis í Bretlandi. Hann situr þar í stjórn nokkurra vel þekktra fyrirtækja, þ. á m. Iceland Foods og House of Fraser, sem bæði eru meðal kunnustu smásöluvyrirtækja þar í landi.

Gögn málsins, sem dómfest var í New York 11. maí, leiða í ljós

- hvernig klíka fésýslumanna, undir forystu Jóns Ásgeirs, tók sig saman um að hafa með skipulegum hætti fé af Glitni til að styðja við sín eigin fyrirtæki þegar þau riðuðu til falls.
- hvernig Jón Ásgeir og samsærismenn hans brutust til valda í Glitni, losuðu sig við reynda starfsmenn bankans eða settu þá til hliðar og misnotuðu þessa valdastöðu til að tefla fjárhag bankans í bráðan voða.
- hvernig Jón Ásgeir, Lárus Welding og aðrir, sem stefnt er í málinu, sköpuðu sér aðstöðu til að ná fé út úr bankanum og halda gerðum sínum leyndum með því að taka völdin af fjárhagslegri áhættustýringu Glitnis, brjóta gegn íslenskum lögum um bankarekstur og setja á svið aragruá flókinna viðskipta.

- hvernig hin stefndu höfðu, með hlutdeild PricewaterhouseCoopers, aflað milljarðs dala frá fjárfestum í New York án þess að láta hið sanna koma í ljós um hvílíkar áhættu bankinn hafði tekið á sig gagnvart Jóni Ásgeiri og samsærismönnum hans.
- hvernig viðskipti hinna stefndu ollu Glitni meira en tveggja milljarða dala tjóni og áttu drjúgan þátt í falli bankans.

Stefnuna, sem lögð var fram í New York, verður hægt að nálgast í heild á vefnum glitnirbank.com.

Slitastjórn Glitnis stendur fyrir málaferlunum. Hún var skipuð til að annast skipti á búi bankans. Málaferlin voru undirbúin með rækilegri rannsókn þar sem farið var í saumana á stjórnun og viðskiptum Glitnis síðustu árin fyrir fall bankans.

Fyrir hönd kröfuhafa Glitnis ætla slitastjórnin að kosta kapps um að endurheimta eignir sem Jón Ásgeir og önnur hinna stefndu höfðu af bankanum en til þess telur hún dómstól New York-ríkis viðeigandi vettvang. Kjarni þessarar málssóknar er útboð skuldabréfa upp á einn milljarð dala. Bréfin voru seld í september 2007 til fjárfesta í New York, sem höfðu verið blekkir varðandi fjárhagslega áhættu Glitnis. Af um níu þúsund kröfuhöfum Glitnis eru nálægt 90% frá öðrum löndum en Íslandi.

„Gögn liggja fyrir sem styðja þá ályktun að Glitnir banki hafi verið rændur innan frá,“ segir Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis. „Málshöfðunin í dag er jákvætt skref í þá átt að draga til ábyrgðar þann fámenna hóp sem af ásetningi eða vanrækslu átti svo ríkan þátt í falli bankans.“

Glitnir hefur þegar höfðað aðskilið mál á Íslandi á hendur sumum þeim einstaklingum sem hér eiga hlut að máli. Bankinn hefur einnig vísað málum til sérstaks saksóknara og íslenskra stjórnvalda eftir því sem við á.

Í apríl 2010 birtist skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið þar sem fram kom að hrun fjármálakerfisins á Íslandi hefði að nokkru stafað af óhóflegum áhrifum fárra viðskiptajöfra, þar á meðal Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, í bönkum landsins.

Mál slitastjórnar Glitnis banka flytja Steptoe & Johnson LLP í New York og Slaughter and May í London.

- **Slitastjórn Glitnis banka boðar til blaðamannafundar í dag á Hilton Nordica hótelinu í Reykjavík, sal D á 2. hæð, kl. 14:30 að staðartíma (kl. 15:30 í London og 10:30 í New York). Fundarboðendur af hálfu slitastjórnar eru Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson.**
- **Fjölmiðlar geta tekið þátt í fundinum með því að hringja í fundarsíma 755 7755, aðgangsnúmer 515 5200.**

Um dómkröfur

Stefnan, sem dómfest var í New York, verður birt í heild á vefnum glitnirbank.com. Þar er Jón Ásgeir Jóhannesson, sem gegnum ýmsa aðila réð yfir u.þ.b. 39% af hlutafé Glitnis, sakaður um að hafa í raun náð valdi á stjórn bankans í apríl 2007 þegar stjórn Glitnis og æðstu yfirmönnum var vikið frá og í þeirra stað settir Lárus Welding, Þorsteinn Jónsson og aðrir þeim samsekir. Síðan hafi Jón Ásgeir og aðrir hinna stefndu notað yfirráð sín yfir bankanum til að veita gríðarhá lán til annarra fyrirtækja, sem þeir réðu yfir, og fjármagna ýmiss konar viðskipti við þau. Við þær athafnir hafi þeir brotið gegn starfsreglum bankans um áhættu, einnig gegn landslögum og fjármálareglum um stóráhættu gagnvart tengdum aðilum.

Til að fjármagna þessar greiðslur út úr bankanum hafi stefndu mjög stuðst við það fé sem Glitnir aflaði í Bandaríkjunum á árinu 2007, sér í lagi með sölu á skuldabréfum fyrir einn milljarð dala til fjárfesta í New York og víðar í Bandaríkjunum í september það ár. Þegar sú sala stóð yfir voru bandarískir fjárfestar blekktir með sviksamlegum hætti varðandi þá miklu áhættu sem Glitnir hafði tekið gagnvart Jóni Ásgeiri ásamt fyrirtækjum og einstaklingum í tengslum við hann.

Á endanum dugði ekki það fé sem Jón Ásgeir Jóhannesson hafði af Glitni til að bjarga Baugi, hans eigin fyrirtæki, frá falli. Ekkert af því fé, sem hin stefndu kræktu sér í frá bankanum, hefur skilað sér aftur. Hér fóru fram viðskipti sem var ekkert viðskiptalegt vit í fyrir Glitni og sem settu hag bankans – og þar með kröfuhafa hans – í bráðan háska. Þegar stefndu höfðu eytt lausafjárforða bankans stóð hann eftir varnarlítill þegar alþjóðleg fjármagnskreppa þrengdi að Íslandi sumarið 2007 og átti það verulegan þátt í að gera bankann að endingu gjaldþrota.

Jón Ásgeir Jóhannesson og aðrir sem stefnt er í málinu, hefðu aldrei komið fram ráðagerðum sínum án hlutdeildar PricewaterhouseCoopers. Endurskoðendur PwC vissu um óeðlilega áhættu Glitnis gagnvart tengdum aðilum, þeir fóru yfir og kvittuðu upp á uppgjör Glitnis, þar sem sú áhætta var gróflega rangfærð, og stuðluðu að sviksamlegri fjáröflun Glitnis í New York.

Stefndu í þessu máli eru

- **Jón Ásgeir Jóhannesson**, áður starfandi stjórnarformaður Baugs og stjórnarformaður FL Group, sem var aðalhluthafi þeirra fyrirtækja beggja og réð, í krafti þeirra, yfir um 39% hlutafjár í Glitni banka.
- **Þorsteinn Jónsson**, áður stjórnarformaður Glitnis banka, einnig fyrrum varaformaður stjórnar FL Group.
- **Jón Sigurðsson**, áður stjórnarmaður Glitnis banka, einnig fyrrum aðstoðarforstjóri FL Group.
- **Lárus Welding**, áður forstjóri Glitnis banka og formaður áhættunefndar.
- **Pálmi Haraldsson**, áður stjórnarmaður Glitnis banka.
- **Hannes Smárason**, áður forstjóri FL Group.
- **Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir**, eiginkona Jóns Ásgeirs Jóhannessonar fyrrum stjórnarmanns í Baugi.
- **PricewaterhouseCoopers**, endurskoðendur Glitnis banka sem gerðu úttektir og gáfu yfirlýsingar sem fjárfestar treystu á þegar skuldabréf Glitnis voru boðin út í New York í september 2007.

Kyrrsetningargerðir

Óháð málaferlunum í New York fékk slitastjórn Glitnis banka í gær, 11. maí 2010, úrskurð dómstóls í London um kyrrsetningu eigna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um allan heim. Þá hefur slitastjórnin krafist kyrrsetningar á eignum Jóns Ásgeirs, Lárusar Welding og Pálma Haraldssonar, áður stjórnarmanns Glitnis banka, á Íslandi.

Glitnir banki

Glitnir banki var skráð almenningshlutafélag og hafði, þar til hann féll, verið alhliða banki sem veitti þjónustu á sviði fyrirtækjaviðskipta, fjárfestingarbankastarfsemi, markaðsviðskipta, eignastýringar og var almennur viðskiptabanki. Hann hafði starfsstöðvar í tíu löndum, þar á meðal á Manhattan í New York, og markaðsvirði hans nam, þegar mest var á fyrri hluta árs 2007, yfir fjórum milljörðum evra.

Alþjóðlega fjármálakreppan 2007–8 kom hart niður á bankanum, sem jafnframt beið fjárhagstjón af sviksamlegum viðskiptum hinna stefndu, uns bankinn var lýstur gjaldþrota í október 2008. Hann er nú í greiðslustöðvun undir umsjá íslenskra dómstóla og eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Dómkvödd slitastjórn bankans, með Steinunni Guðbjartsdóttur sem formann, sér um skipti á eignum búsins. Bæði slitastjórn og skilanefnd hafa tekið ákvörðun um þann málarekstur sem nú er hafinn.

Lögmenn Glitnis

Mál Glitnis í New York flytja Michael Champion Miller, Robbin Itkin, Evan Glassman og Katherine Piper hjá Steptoe & Johnson, LLP. Í London sér Slaughter and May um málflutning Glitnis.